



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 3. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2016
MIÐVIKUDAGINN 21. SEPTEMBER KL.13:15**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemenda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 96% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot

Fjórir nemendur sóttu um mat á íþróttum – vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

C. Önnur bréf

Tveir nemendur sækja um undanþágu frá 6 einingum í dönsku til stúdentsprófs- vísað til skólameistara til staðfestingar

Einn nemandi sækir um undanþágu frá dönsku til stúdentsprófs - vísað til skólameistara til staðfestingar

Einn nemandi sækir um undanþágu frá 5 einingum í íþróttum til stúdentsprófs -vísað til kennslustjóra í íþróttum til umsagnar

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Nýnemaballið þótti takast vel og kom ekki út með halla. Íþróttavikan í síðustu viku tókst einnig vel og svo er stefnt á stelpukvöld í næstu viku. Annað kvöld, 22. sept. verða svo haldnir tónleikar í skólanum þar sem koma fram núverandi og fyrrverandi nemendur skólans. Töluverður áhugi er meðal nemenda á Gettu betur keppninni og lítur út fyrir að hópurnir í SPU 102 verði stór. Stefnt er á Þórsmurkurferð 6. – 7. okt. og síðan er FG – Flensborgardagurinn fyrirhugaður e.h. 28 október.

3. Önnur mál

Fundinn sátu:

Anna G. Hugadóttir náms-og starfsráðgjafi
Anna Jeeves fulltrúi kennara
Edith Edda Unnarsdóttir fulltrúi kennara
Elísabet Siemsen skólameistari
Jóel Ísak Jóelsson fulltrúi NFFG
Guðbjörn Björnsson forseti NFFG
Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri
Hrafnhildur Sigurgeirsdóttir áfangastjóri
Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi
Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari
Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi
Unnur Símonardóttir náms-og starfsráðgjafi